

Það er viðurkennt, að stefnandi hefur notað rafmagn til ljósa í herberginu á rishæðinni og beri að greiða gjald fyrir það. Í málinu er fram komið, að stefnandi hafði þar einnig einhvers konar iðju, sem rafmagn þarf til, og að einnig sé ógreitt fyrir þau not. Eftir atvikum öllum þykir hæfilegt að reikna gjald fyrir þessi not kr. 10.00 á mánuði, eða kr. 740.00 fyrir allan leigutímann (74 mán.)

Samkvæmt þessu bar stefnanda að greiða stefnda alls kr. 63.158.95 (55.222.75 + 4636.20 + 2560.00 + 740.00). Hins vegar hefur hann samkvæmt framangreindu greitt kr. 75.536.50 og á því rétt á að fá endurgreiddar kr. 12.377.55 með vöxtum, svo sem krafizt er, en upphafstími vaxtanna hefur ekki sætt andmælum.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 2200.00 með hliðsjón af matskostnaði.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Halldór Ólafsson, greiði stefnanda, Guðmundi Jenssyni, kr. 12.377.55 með 6% ársvöxtum frá 31. október 1951 til greiðsludags og kr. 2200.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 4. marz 1955.

Nr. 2/1954. **Ákærvaldið** (Kristján Guðlaugsson)

gegn

Ármani Kristjánssyni (Jón Ólafsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Líkamsárás. Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjandi greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1800.00 til hvors.

Á meðferð máls þessa í héraði hefur orðið mikill dráttur, er eigi hefur verið réttlættur. Þá athugast, að héraðsdómari

virðist eigi hafa prófað ákærða og vitni nægilega sjálfstætt, heldur hafið dómpróf með upplestri lögregluskýrslna, en slík meðferð máls brýtur í bág við 73., 75. og 77. gr. laga nr. 27/1951. Loks hefur héraðsdómari andstætt ákvæðum 100. gr. sömu laga látið heitfestingu vitna undir höfuð leggjast.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Ármann Kristjánsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Kristjáns Guðlaugssonar og Jóns Ólafssonar, kr. 1800.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 7. október 1953.

Ár 1953, miðvikudaginn 7. október, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Þórði Björnssyni, fulltrúa sakadómarara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 3882/1953: Ákærvaldið gegn Ármanni Kristjánssyni, sem tekið var til dóms 29. ágúst s.l., en framhaldsrannsókn fór fram í málinu 5. þ. m.

Með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dags 4. júní f. á., er opinbert mál höfðað gegn ákærða Ármanni Kristjánssyni sjómanni, Hvammstanga, fyrir rán og líkamsárás samkvæmt almennum hegningarlögum nr. 19/1940, 218. gr. og 252. gr., en til vara fyrir líkamsárás og þjófnað samkvæmt 218. gr. og 244. gr. sömu laga.

Er ákærði ákærður fyrir: Að ráðast á Guðbjarna Ólafsson, f. 26. marz 1897, aðfaranótt mánudags 22. maí 1950 inni í málningarverksmiðjunni Hörpu eða við verksmiðjuhúsið, en Guðbjarni var þar þá næturvörður, slá Guðbjarna í rot með einu eða fleiri höggum og, er Guðbjarni lá meðvitundarlaus eða meðvitundarlítill eftir árásina, að fara þá í vasa hans og taka þaðan veski, er í voru kr. 1200.00 í peningum, og slá eign sinni á. Af líkamsárás ákærða hlaut Guðbjarni verulegt heilsutjón.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta, til sviptingar réttinda samkvæmt 68. gr., 3. mgr. hegningarlaganna og til greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 1. janúar 1927 á Litla Vatnsskarði í Engihlíðarhreppi í Austur-Húnavatnssýslu, og hefur hann á árunum 1945 til 1952 verið samtals sektaður 17 sinnum fyrir ölvun á almannafæri, en ekki, svo að kunnugt sé, sætt öðrum refsingum.

Samkvæmt eigin játningu ákærða og því, sem á annan hátt er upplýst í málinu, eru málavextir þessir:

Sunnudagskvöldið 22. maí 1950 drukku þeir ákærði og æskufélagi hans, Baldur Jónsson úrsmiður, Hverfisgötu 94, áfengi saman á verkstæði hins síðarnefnda á Spítalastíg, hér í bæ, og varð ákærði ölvaður. Líklega eftir kl. 2 um nóttina, að því er ákærði heldur, fóru þeir af verkstæðinu og gengu austur í bæ og skildu nálægt Austurbæjarbíói. Baldur vissi, að ákærði var peningalaus, og gaf honum karlmannsarmbandsúr að skilnaði og tók fram, að ákærði mætti selja úrið, ef hann vildi, og halda andvirðinu. Ákærði gekk síðan norður Snorrabraut (áður Hringbraut) og ætlaði að fara heim til sín inn í Laugarnescamp. Hafði hann hugsað sér að fara í leigubífreið þangað og láta bifreiðarstjórann fá úrið að veði fyrir ökugjaldinu. Við gatnamót Snorrabrautar og Laugavegs sá hann fótgangandi mann, Guðbjarna Ólafsson, Sindra við Nesveg, hér í bæ.

Guðbjarni var þá næturvörður í málningarverksmiðjunni Hörpu á gatnamótum Snorrabrautar og Skúlagötu, hér í bæ. Gamall kunningi hans, Þórður Eiríksson netjagerðarmaður, Vesturvallagötu 3, hér í bæ, hafði heimsótt hann kvöldið áður í verksmiðjuna. Heldur Þórður, að hann hafi komið þangað nokkru fyrir kl. 21, en Guðbjarni kveður, að það muni hafa verið milli kl. 21 og 22. Hvorugur þeirra hafði neytt áfengis. Guðbjarni tók fram heilflösku, sem var um það bil hálf af sterkri áfengisblöndu, og bauð Þórði að dreypa á henni. Þáði Þórður það, en fannst blandan sterk, og minnir hann, að þeir hafi þá þynnt hana með vatni. Þórður drakk nokkuð af áfenginu, og kveðst hann máské hafa fundið til vægra áfengisáhrifa. Guðbjarni kvaðst ekki mega dreypa að ráði á áfenginu vegna starfs síns, en dreypti þó á því, en svo lítið, að honum og Þórði kemur saman um, að hann hafi ekki getað fundið til áfengisáhrifa. Þórður fór frá Guðbjarna stuttu fyrir miðnætti. Milli kl. 4 og 5 um nóttina kveðst Guðbjarni hafa farið út úr verksmiðjunni til að fá sér ferskt loft. Lokaði hann verksmiðjunni á eftir sér, en smekklás var fyrir útidyrum hennar. Hann fór fyrst niður á Skúlagötu, en síðan upp á Snorrabraut og Laugaveg og hitti þá ákærða.

Ákærða langaði í vindling, en átti hann ekki. Ávarpaði hann Guðbjarna, sem honum virtist vera undir áhrifum áfengis, og spurði, hvort hann gæti gefið ungum sjómanni sígarettu. Guðbjarni svaraði, að hann ætti ekki neina sígarettu, en kvaðst hins vegar eiga í nefið. Leitaði hann því næst að neftóbaki sínu, en fann ekki, og hafði hann gleymt því niðri í verksmiðjunni. Sagði Guðbjarni ákærða frá þessu. Varð úr, að þeir gengu saman að verksmiðjunni, og ætlaði Guðbjarni að gefa ákærða neftóbak. Fóru þeir inn í verksmiðjuna, og kveðst Guðbjarni hafa læst útidyrnum á eftir þeim og stungið lyklunum í vasann. Þeir fóru upp á loft í húsinu inn í kaffistofu skrifstofufólks verksmiðjunnar. Guðbjarni fann strax neftóbakið og gaf ákærða í nefið.

Guðbjarni hefur borið það, að hann hafi gefið ákærða að drekka áfengi úr fyrrgreindri flösku, sem hann hafði áður gefið Þórði áfengi úr, og hafi flaskan verið um það bil hálf. Ákærði hafi drukkið nokkuð úr flöskunni, en alls ekki tæmt hana. Guðbjarni man ekki sérstaklega eftir því, hvort hann neytti einnig af áfenginu með ákærða, en máské hafi hann rekið tunguna í það.

Ákærði kveðst hafa verið með hálfa flösku af brennivíni, en man ekki, hvort Guðbjarni tók fram nokkurt áfengi. Þeir hafi báðir tæmt úr flösku ákærða. Hafi þeir talað um að fá aðra flösku. Hafi Guðbjarni í því sambandi tekið veski sitt úr bakvasa sínum og opnað það, og hafi ákærði þá séð 500 króna seðil í því. Ekkert hafi þó orðið úr áfengiskaupum þeirra. Guðbjarni hefur hins vegar neitað því, að þeir hafi talað um að fá aðra flösku og að hann hafi tekið veski sitt úr bakvasa sínum og opnað það. Hitt geti verið, að ákærði hafi séð veskið í bakvasa hans, þar sem hann hafi farið úr jakka sínum.

Ákærði kveðst hafa minnst á það við Guðbjarna, að hann væri með úr, sem hann vildi selja á 400 krónur, en hann hafi ekki sýnt honum úrið og hann (Guðbjarni) ekki viljað kaupa það. Guðbjarni kannast ekki við þenna framburð ákærða um úrið. Hins vegar ber þeim saman um, að þeir hafi spjallað saman um ýmsa hluti almenns efnis.

Guðbjarni mun nú hafa haft orð á því við ákærða, að þeir skyldu koma út og fá sér ferskt loft. Féllst ákærði á það, og fóru þeir niður stigann í húsinu. Guðbjarni gizkar á, að þeir hafi þá verið búnir að dvelja í húsinu um 15—20 mínútur, en ákærði heldur, að þeir hafi verið búnir að dvelja í því um eða á aðra klukkustund. Guðbjarni opnaði útidyrnar og sá um leið, að ákærði var með eitthvað í hendinni. Spurði Guðbjarni hann að því, hvað það væri. Ákærði sagðist þá vera með armbandsúr og sýndi Guðbjarna það án þess að sleppa því úr lófa sínum. Kvaðst ákærði hafa fengið úrið hjá úrsmið, sem hann hefði verið með um nóttina.

Ákærði ber, að Guðbjarni hafi einnig sagt við hann, að úrið væri illa fengið, og hafi Guðbjarni reynt að taka það úr lófa hans, en ákærði reynt að koma í veg fyrir það. Komið hafi til stimpinga. Guðbjarni hafi náð úrinu frá ákærða, og þegar ákærði hafi ætlað að ná því aftur, hafi Guðbjarni kastað því í gólfið. Ákærði kveðst þá hafa slegið Guðbjarna eitt högg, en getur ekki sagt um, hvar höggið kom, en máské hafi það komið í höfuð hans. Hann hafi ekkert hugsað út í það fyrir fram, hvort hann ætlaði að greiða honum höfuðhögg eða högg á annan hluta líkamans. Guðbjarni hafi fallið á steingólfið við höggið. Ákærði kveður nú, að sér hafi dottið í hug, þegar Guðbjarni lá hreyfingarlaus á gólfinu, að slá eign sinni á peningaveski hans. Hafi hann farið með aðra hönd sína niður í bakvasa á buxum Guðbjarna, tekið peningaveskið úr vasanum og stungið í vasa sinn. Hann hafi síðan haldið út um ólæstar útidyr

hússins og á brott þaðan. Hann hafi verið þess fullviss, þegar hann yfirgaf Guðbjarna, að hann væri lifandi, því að hann hafi rumskað, þegar veskið var tekið úr vasa hans, en ákærði kveðst þó ekki hafa sérstaklega athugað andardrátt hans eða tekið á slagæð hans. Ákærði opnaði peningaveskið, þegar hann var kominn nokkurn spól frá verksmiðjunni, og reyndust vera 1200 krónur í því. Eyddi ákærði peningunum, en fleygði veskinu.

Guðbjarni ber það hins vegar, að hann hafi spurt ákærða að því, hvort hann ætlaði ekki að skila úrinu, en ákærði hafi þá sagzt ætla að „stampa“ því fyrir brennivíni. Þá neitar Guðbjarni því að hafa sagt við ákærða, að úrið væri illa fengið, og að hann hafi reynt að taka það úr lófa ákærða. Þeir hafi báðir farið út fyrir húsdyrnar, en Guðbjarni kveðst ekki muna, hvað gerðist eftir það. Næst hafi hann munað eftir sér, er hann var í bifreið og fór úr henni heima hjá sér, og var hann þá með Bjarna Kemp Konráðssyni, starfsmanni í Hörpu. Kveðst Guðbjarni hafa lagzt í rúm heima hjá sér og sofið um daginn, en þegar hann vaknaði, saknaði hann peningaveskis síns, sem hann hafði geymt í hægri bakvasa sínum, en í höfðu verið 1200 krónur og kvittun.

Bjarni Kemp Konráðsson, Vífilsögðu 21, hér í bæ, hefur borið það, að hann hafi komið til vinnu sinnar í Hörpu um kl. 7 umræddan morgun. Verksmiðjuhúsið hafi þá verið opið, en lyklakippa, sem reyndust vera lyklar að húsinu, hafi legið skammt frá útidyrum þess. Þá hafi spýja verið í gangi hússins og á stéttinni fyrir utan það. Bjarni Kemp kveðst hafa farið inn í deild sína til að athuga, hvort þar væri ekki allt í lagi, en þegar hann kom þaðan út eftir tvær til þrjár mínútur, hafi hann séð, hvar Guðbjarni Ólafsson stóð í ganginum við útidyrnar og Böðvar Árnason, einnig starfsmaður í Hörpu, hjá honum. Guðbjarni hafi verið jakkalaus og á sokkaleistunum, og herbergið, sem jakkinn og skórnir voru í, hafi verið læst, svo að hann komst þar ekki inn. Hann hafi verið með glóðarauga og tekið um höfuð sitt, hálfstunið og kvartað um verk í höfðinu. Bjarni Kemp kveðst hafa haldið af þessu, svo og spýjunni, að Guðbjarni væri undir áhrifum áfengis, en hann athugaði ekki sérstaklega, hvort áfengislykt var úr vitum hans. Bjarni Kemp náði síðan í bifreið og ók Guðbjarna heim til sín.

Böðvar Árnason, Barónsstíg 51, hér í bæ, hefur borið það, að hann hafi komið til vinnu sinnar í Hörpu umræddan morgun stuttu á eftir Bjarna Kemp. Guðbjarni Ólafsson hafi þá verið í stiga hússins og verið búinn að læsa skrifstofuherberginu, svo að hann komst þar ekki inn. Hann hafi verið með glóðarauga, jakkalaus og fatnaður hans ataður út í spýju og óhreinindum. Böðvar kveðst hafa ætlað að reyna að fara inn um glugga í skrifstofuna, en í því hafi Bjarni Kemp komið og sagzt vera búinn að finna lyklana. Guðbjarni hafi nú legið í skrifstofunni og kveinkað sér, og þegar hann var spurður að því, af hverju hann væri svona veikur, hafi hann

svarað því, að hann hefði fundið öflösku frammi á „lager“ og drukkið úr henni. Böðvar kveðst ekki geta sagt um, hvort Guðbjarni hafði neytt áfengis í þetta skipti.

Jóhann Þorsteinsson, efnafræðingur í Hörpu, Skúlagötu 42, hér í bæ, hefur skýrt frá því, að umræddan morgun hafi hann séð „gin“-flösku á borði í kaffistofu skrifstofufólks verksmiðjunnar, og hafi verið lögg í flöskunni. Kveðst hann hafa geymt flöskuna í nokkurn tíma, og hafi þá komið mygluskán á hana, sem sýndi, að innihald hennar var blandað vatni.

Í málinu kemur fram, að Guðbjarni hætti vinnu á þriðja degi eftir umræddan atburð um nóttina, en hafði uppsölu þann tíma. Síðan lá hann rúmfastur heima um mánaðartíma og aftur í sjúkrahúsi frá 28. nóvember 1950 til 10. desember 1950.

Dr. med. Snorri Hallgrímsson hefur gefið vottorð, dags. 19. september 1950, um meiðsli Guðbjarna. Kveðst hann fyrst hafa séð Guðbjarna þrem vikum eftir að hann fékk meiðslin, og hafi hann þá ekki verið með nokkurn sýnilegan áverka, en um status p. commotio s. contusio cerebri hafi verið að ræða. Guðbjarni hafi haft spondylitis deformus, áður en hann hlaut þessi meiðsli. Hann sé enn þá óvinnufær sökum verkja í baki og sökum svima. Síðan segir í vottorði læknisins orðrét: „Sj. gömlu bakþægindi versnuðu mikið við meiðslin, og að nokkru leyti vegna þeirra og að nokkru leyti vegna höfuðverkjarins varð hann að liggja í rúminu rúman mánuð. Síðan hefur hann gengið með gibsbak.“

Hinn 8. maí 1951 gerði dr. med. Helgi Tómasson yfirlæknir electroencephalogram Guðbjarna, og segir í því á þessa leið:

„Postcentralt er óreglulegur alfa-rythmi 8—13 c. per sek. 20—40 microvolt. Hann blockerast illa af visuellum stimuli. Temporalt eru einnig mjög óreglulegar bylgjur, sem erfitt er að telja. Frontalt ber talsvert 20—30 per sek. með lítilli amplitúdu.“

Sjúklingurinn mókir og sefur töluvert af upptökutímanum.

Engir paroxysmal eða focal rythmar koma í ljós, engin veruleg asymmetri, ekki heldur á meðan sj. sefur.

Sj. hyperventilerar samléga, en það gerir enga verulega breytingu.

Niðurstaða: Þetta getur tæplega talist normalt electroencephalogram, vegna þess hve óreglulegur alfa-rythminn er. Ekki er nein specifik etiologi fyrir þessari óreglu, sem hægt er að átta sig á eftir þessu encephalogrammi“.

Yfirlæknirinn taldi, að sennilega væri um vefræna truflun í heila Guðbjarna að ræða, og hafði hann því undir stöðugu eftirliti allt árið 1951.

Í vottorði yfirlæknisins, dags. 21. apríl 1952, um Guðbjarna segir meðal annars á þessa leið:

„Maðurinn kemur mér fyrir sjónir almennt eitthvað sljógvaður,

áhugalaus við vinnu, vantandi sjálfsögðustu fyrirhyggju um framtíðina og úrræðalaus.

Hvernig tilfinningalíf hans kunni að vera breytt að öðru leyti, get ég ekki dæmt um. Upplýsingar þær, sem ég hef um byrjun geðbrigða mannsins, eru í samræmi við það, er talið er, að geti hlotizt af rothöggi með tilheyrandi heilahristing eða mari.

Frá mínum dyrum séð virðist maðurinn hafa fengið organiskar geðbreytingar, misst konuna og húsið ofan af sér, allt sem afleiðing af rotinu“.

Tryggingaryfirlæknir Tryggingastofnunar ríkisins hefur metið örorku Guðbjarna vegna afleiðinga áverka hans til 11. september 1953 þannig: Frá 30. maí 1950 til 30. júní 1950 100% og frá 1. júlí 1950 til 11. september 1953 85%.

Tryggingaryfirlæknir hefur ekki að svo stöddu treyst sér til að meta varanlega örorku Guðbjarna vegna áverkans.

Grímur Magnússon, geðveikralæknir, hefur að undangengnum dómsúrskurði rannsakað geðheilbrigði og sakhæfni ákærða. Í skýrslu læknisins, dags. 7. apríl 1952, segir meðal annars á þessa leið um ákærða:

„Diagnosis: Inferioritas mentis (vangæfni).

Vegna þessarar ásköpuðu vangæfni er dómgreind og siðgæðisvitund Ármanns mjög ábótavant. Hann lætur því auðveldlega leiðast af ástríðum og hugdettum án þess að gera sér glögga grein fyrir afleiðingum. Drykkjuskapur hans gerir allar þessar veilur að sjálfsögðu mjög áberandi, svo að hann brýtur stöðugt reglur um almennt velsæmi, þegar hann er ölvaður, án þess að fá minnstu sektartilfinningu vegna framferðis síns. Hann hefur þó sæmilegan skilning og tilfinningu varðandi sekt sína út af árás þeirri og þjófnæði, sem hann er nú kærður fyrir. Ráðleysi Ármanns og vitsmunaskortur gefa litlar vonir um breytingu á lífnaðarháttum hans. Má telja, að hann sé varla fær um að sjá um sig sjálfur, og væri æskilegt, að hann nyti leiðsögu fjárráðamanns.

Ég álít Ármann andlega vanþroskaðan án þess að um geðveiki sé að ræða. Vanþroski hans er þó ekki svo mikill, að hann geti talizt óábyrgur gerða sinna né dómgreindarlaus. Hann telst því sakhæfur“.

Þá hefur próf. dr. Símon Jóh. Ágústsson athugað ákærða, og segir í skýrslu hans, dags. 29. marz 1952, meðal annars á þessa leið:

„Í viðtölum mínum við Ármann lagði ég fyrir hann ýmsar greindarþrautir, og sýndu úrlausnir hans ótvírætt, að hann er mjög gáfna-sljór. Að visu gat ég ekki komið því við að greindarprófa hann nákvæmlega, en mér þykir þó líklegt, að hann muni hafa 8—9 ára greindaraldur, eða greindarvísitöluna 60—70. (Greindarvísitala meðalgreinds manns er talin 100)“.

Eins og að framan greinir, sýndi ákærði Guðbjarna úr, sem hann var með í lófa sínum. Ákærði hefur staðhæft það, að Guðbjarni hafi tekið úrið úr lófanum og kastað því í gólfíð og hafi hann þá slegið

Guðbjarna, svo að hann féll. Þá fyrst, þegar Guðbjarni lá hreyfingarlaus á gólfinu, hafi ákærða dottið í hug að slá eign sinni á peningaveski hans. Guðbjarni hefur hins vegar borið það, að hann hafi spurt ákærða að því, hvort hann ætlaði ekki að skila úrinu, en ákærði þá sagzt ætla að „stampa“ því fyrir brennivíni. Hins vegar hefur hann neitað því að hafa tekið eða reynt að taka úrið frá ákærða. Síðan kveðst Guðbjarni ekki muna, hvað gerðist. Samkvæmt því, sem nú var greint, og því, sem upplýst er um, hvað þeim ákærða og Guðbjarna hafði áður um nóttina farið á milli, svo og samkvæmt reglunni in dubio pro reo þykir verða að leggja frásögn ákærða um málsatvik til grundvallar, þannig að sýkna ber hann af ákæru um rán. En ákærði hefur gerzt sekur um vísvitandi líkamsárás, sem er þannig háttuð að varðar við 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940. Þá hefur ákærði með töku peningaveskisins brotið 244. gr. hegningarlaganna. Þykir refsing ákærða með hliðsjón af 77. gr., 1. mgr., hegningarlaganna hæfilega ákveðin fangelsi í 3 ár.

Ákærði sat í gæzluvarðhaldi frá 19. febrúar 1952 til 30. apríl sama ár. Samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna ber þessi varðhaldsvist ákærða að koma með fullri dagatölu refsingu hans til frádráttar.

Samkvæmt 68. gr., 3. mgr., hegningarlaganna ber að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa.

Guðbjarni Ólafsson hefur krafizt þess, að ákærði greiði honum í skaðabætur kr. 81.765.00 með 6% ársvöxtum frá 23. maí 1950 til greiðsludags ásamt innheimtulaunum samkvæmt texta Lögmannafélags Íslands. Er skaðabótakrafan sundurliðuð þannig:

100% örorka frá 24. maí 1950 til 30. júní 1950 og 85% örorka frá 1. júlí 1950 til 31. ágúst 1953, kr. 80.565.00.

Teknir peningar, kr. 1200.00.

Kristján Guðmundur Guðmundsson tryggingarfræðingur hefur á grundvelli vinnutekna Guðbjarna, byggðum á skattaframtölum hans fyrir árin 1946—1950 annars vegar og á fyrrgreindu örorkumati tryggingaryfirlæknisins hins vegar, reiknað út, að vinnutjón Guðbjarna frá 24. maí 1950 til 31. ágúst 1953 nemi samtals kl. 80.565.00.

Ákærði hefur ekki samþykkt bótakröfu þessa, en þar sem útreikningum þeim, sem hún er byggð á, hefur ekki verið hnekkt að neinu leyti, þykir verða að leggja þá til grundvallar í málinu. Samkvæmt þessu verður bótakrafa Guðbjarna tekin að fullu til greina, en ákærða verður ekki gert að greiða innheimtulaun samkvæmt texta Lögmannafélags Íslands.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin þóknun Kristjáns Guðlaugssonar hrl., skipaðs sækjanda í málinu, og þóknun Þorvalds Garðars Kristjánssonar hdl., skipaðs verjanda ákærða í málinu, kr. 1000.00 til hvors.

Dráttur á máli þessu stafar af því, að ákærði hefur dvalizt lang-

dvölum erlendis. Þannig náðist ekki í hann fyrr en 17. febrúar 1952 til yfirheyrslu í fyrsta skipti um málið.

Dómsorð:

Ákærði, Ármann Kristjánsson, sæti fangelsi í 3 ár.

Gæzluvarðhaldsvist ákærða frá 19. febrúar 1952 til 30. apríl 1952 komi með fullri dagatölu refsingu hans til frádráttar.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði Guðbjarna Ólafssyni kr. 81.765.00 með 6% árs-vöxtum frá 23. maí 1950 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talda þóknun Kristjáns Guðlaugssonar hrl., skipaðs sækjanda í málinu, og þóknun Þorvalds Garðars Kristjánssonar hdl., skipaðs verjanda ákærða í málinu, kr. 1000.00 til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 11. marz 1955.

Nr. 142/1954. **Helgi Benediktsson** (Sigurður E. Ólason)

gegn

Hjálmarí Jónssyni (Gunnar Þorsteinsson)

og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, og samdómsmennirnir Lúðvík N. Lúðvíksson og Þorsteinn Jónsson hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu, útgefinni 24. ágúst 1954. Krefst hann *aðallega* algerrar sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins. Til vara krefst hann þess, að honum verði einungis dæmt að greiða kr. 18.475.58, að vextir verði ekki dæmdir frá fyrri